

Helstu niðurstöður aðalfundar Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2023

Aðalfundur Sjóvár var haldinn 10. mars á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

- Ársreikningur vegna ársins 2022 var samþykktur.
 - Fundurinn samþykkti tillögu stjórnar um arðgreiðslu sem nemur kr. 1,61 á hlut fyrir rekstrarárið 2022 eða um 1.900 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 10. mars 2023 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 14. mars 2023, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 13. mars 2023 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 21. mars 2023.
 - Tillaga um óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt.
 - Tillögur stjórnar um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin bréfum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins voru samþykktar.
 - Í stjórn félagsins voru kjörin:
Björgólfur Jóhannsson
Guðmundur Örn Gunnarsson
Hildur Árnadóttir
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro
- Stjórn hefur skipt með sér verkum. Formaður stjórnar er Björgólfur Jóhannsson og Hildur Árnadóttir varaformaður.
- Eftirtalin voru kjörin sem varamenn í stjórn:
- Erna Gísladóttir
Garðar Gíslason
- Tillaga um að KPMG yrði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs var samþykkt.
 - Tillaga um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar var samþykkt. Laun stjórnarmanna verða 437.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns 858.000. Hvorum varamanni skal greidd eingreiðsla 437.000 kr. í upphafi starfsárs og að auki 151.000 kr. fyrir hvern fund sem hann situr. Þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verður 34.000 kr. á mánuði og 45.000 fyrir hvern fund og fær formaður 50% álag.
 - Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða á fjarfestar@sjova.is